

Alþingi
Erindi nr. P 141/113
komudagur 12.10.2012

1From: Ingibjorg.H.Helgadottir@fjr.is [<mailto:Ingibjorg.H.Helgadottir@fjr.is>]
Sent: 12. október 2012 11:12
To: Eiríkur Áki Eggertsson
Cc: Kristjana Benediktsdóttir; marianna.jonasdottir@fjr.stjr.is; Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Subject: Re: Efnahags- og viðskiptanefnd - mál nr. 101 (skattar og gjöld)

Sæll Eiríkur.

Ráðuneytið telur löngu tímabært að koma þessari breytingu á í ljósi þess að úrskurður yfirskattanefndar nr. 138/2010, var kveðinn upp árið 2010 enda er það stefna ráðuneytisins að bregðast sem fyrst við þeim glufum sem upp koma í skattkerfinu. Frumvarpið sem hér um ræðir var lagt fram í vor og er nú endurflutt óbreytt að því er varðar 5. gr. þess. Þar sem breytingin varðar söluhagnað af íslenskum hlutabréfum í eigu aðila með takmarkaða skattskyldu hér á landi og í ljósi þess að íslenskur hlutabréfamarkaður er smár um þessar mundir fær ráðuneytið ekki séð að umrædd breyting kalli á umfangsmikil og flókin tölvukerfi miðað við stöðuna nú hvað sem verður. Milligönguaðilar hafa þegar upplýsingar um söluverðið en þurfa væntanlega í einhverjum tilvikum að kalla eftir upplýsingum frá seljandanum um kaupverð hans.

Til upprifjunar fylgir hér með nánari skýring á innihaldi 5. gr. frumvarpsins:

Eins og fram kemur í greinargerð með 5. gr. frumvarpsins var á sínum tíma talið að upphaflegt ákvæði staðgreiðslulaga um milligöngumenn tæki jafnframt til fjármagnstekna sem síðar voru felldar undir lögum án þess að til sérstakrar lagabreytingar kæmi af því tilefni. Með úrskurði yfirskattanefndar, nr. 138/2010, var úrskurður ríkisskattstjóra, þar sem úrskurðað var um staðgreiðsluskyldu milligönguaðila, felldur úr gildi á þeim forsendum að hugtakið „milligöngumaður“ hefði ekki fastmótaða merkingu í íslenskum rétti og að lögskýringargögn veittu takmarkaða leiðbeiningu um skýringu hugtaksins. Með vísan til þessa er nauðsynlegt að gera breytingar á staðgreiðslulögumum á þann veg að ekki leiki vafi á að staðgreiðsluskylndan hvíli á milligönguaðilum við aðstæður sem þessar í samræmi við skilning skattýfirvalda.

5. gr. frumvarpsins tekur til staðgreiðsluskila milligöngumanna af söluhagnaði hlutabréfa hjá aðilum sem bera hér á landi ótakmarkaða skattskyldu skv. 3. gr. tekjuskattslaga. Samkvæmt 7. tölul. 3. gr., sem fjallar um söluhagnað hlutabréfa, sæta tekjur brúttóskattlagningu í hendi viðtakanda og ekki skiptir máli hvort um sé að ræða einstaklinga eða lögaðila. Afdregin staðgreiðsla vegna tekna skv. 7. tölul. er því fullnaðargreiðsla tekjuskatts þessara aðila án þess að fara þurfi fram frekari álagning. Um er að ræða brúttóskattlagningu umræddra tekna hjá lögaðilum óháð félagiformi og því er skatthlutfall og þar með staðgreiðsluhlutfall þeirra lægra en hjá innlendum lögaðilum, sbr. 7. tölul. 70. gr. tekjuskattslaga, enda ekki um neinn rekstrarkostnaðarfrádrátt að ræða. Verði ákvæðið ekki að lögum munu 7. tölul. 3. gr. og 7. tölul. 70. gr. tekjuskattslaga, að því er varðar söluhagnað af hlutabréfum þeirra aðila sem bera hér á landi takmarkaða skattskyldu, verða óvirk.

Ef milligönguaðili hefur ekki upplýsingar um kaupverðið ber honum að fá upplýsingar um það hjá seljanda. Sú skylda nær ekki lengra og yrði ekki krafist frekari sönnunar á kaupverðinu hjá milligönguaðilanum.

Það verður að hafa það í huga að staðgreiðsla getur aðeins verið endanleg álagning (brúttóskattlagning aðila er falla undir 7. tölul. 3. gr.) ef hún er rétt. Skattaðilinn á alltaf rétt á að skila framtali þannig að ef staðgreiðslan er ekki rétt er alltaf hægt að telja fram við álagningu.

Að því er varðar frádrátt skv. 31. gr. þá er alltaf haldið eftir staðgreiðslu af t.a.m. vöxtum og arði hjá innlendum aðilum þrátt fyrir þann rétt sem þeir eiga skv. 9. tölul. 31. gr. hið sama gildir um arð sem greiðist erlendum aðilum. Það á því engin mismunun sér stað á milli íslenskra og erlendra aðila hvað það varðar.

Í tilviki söluhagnaðar má segja að myndist mismunun á milli erlendra og íslenskra aðila á kostnað þess erlenda. Erlendi aðilinn þarf að greiða staðgreiðslu af söluhagnaði en ekki sá íslenski sem gerir upp í álagningu þar sem söluhagnaður er ekki staðgreiðsluskyldur. Erlendir lögaðilar greiða á móti lægri skatt eða 18% brúttó í staðgreiðslu (í stað 20%) sem þá er talin vera endanleg álagning nema staðgreiðslan sé röng eða hann kjósi að telja fram eins og áður sagði. Hann getur þá nýtt sér frádráttarheimild 9. tölul. a. 31. gr. kjósi hann það. Frádráttarréttur skv. 9. tölul. a ætti þannig ekki að "trufla" staðgreiðsluskyldu þar sem fordæmi eru fyrir því að staðgreiðslu sé haldið eftir þrátt fyrir að heimilt sé svo að telja til frádráttar mótteknar tekjur sem staðgreiðslu hefur verið haldið eftir af.

Ef ákvæði 3. gr. frumvarpsins verður ekki að lögum er ljóst að skattskylda á söluhagnaði hlutabréfa hjá aðilum sem falla undir 7. tölul. 3. gr. fellur um sjálfa sig.

Kveðja,
Ingibjörg Helga.